

05.september 2017.

Til sveitastjórnar Skeiða og Gnúpverjahrepps.


Efni: Rekstur Neslaugar.

Undirritaður gerði samning við sveitarstjórn um rekstur Neslaugar árið 2017. Núna eru liðnir átta mánuðir af árinu 2017 og hefur starfsemin gengið áfallalaust fyrir sig. Undirritaður er farinn að hugsa um framhald á rekstri Neslaugar, og er tilbúinn í samning árin 2018 og 2019. Eins og áður sagði gekk starfsemin vel, en reksturinn á Neslaug fjárhagslega er í járnum og þarf framlag sveitarfélagsins að hækka til að núverandi einkarekstur standi undir sér. Undirritaður hefur afhent sveitarstjóra skýrslu um rekstur Neslaugar fyrstu sjö mánuði ársins. Skýrslan er unnin af fyrirtækinu Kjarnabókhald á Selfossi.

Í skýrslunni kemur fram að núverandi framlag þyrfti að vera 526.000 kr. á mánuði, í stað 400.000 kr. sem það er núna á mánuði árið 2017 til þess að laun og launatengd gjöld standi undir sér, og á það aðeins við laun forstöðumanns sem starfar allt árið, og er sumarfrí á launum í einn mánuð ekki inni í þessari nýju tölu (526:000 kr.) Ég kýs að senda þetta erindi á sveitarstjórn núna til að aðilar átti sig á stöðunni og geti borið saman rekstrartölur árin á undan.

Ef af yrði og ég myndi sjá um rekstur með Neslaug árin 2018 og 2019, þyrfti framlag sveitarinnar að vera 550.000 kr. á mánuði.

Með góðri kveðju,



Eypór Brynjólfsson.